

Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík - Iceland
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími/Tel: +354 515 90 00
Fax: +354 515 90 07

Alþingi
Bríndi nr. D 140/07
Könnulagur 10.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10.11.2011
Tilvísun vor: 98.11

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, þingskjal 7 - 7. mál**


Að beiðni nefndasviðs Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, þingskjal 7 - 7. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011 - 2012.

Í þingsályktunartillögunni eru fjölmargar góðar tillögur um aðgerðir. Nokkrar þeirra snúa að orkumálum. Við undirbúning þessarar umsagnar var fyrst og fremst litið til þeirra. Sumar aðgerðir sem lagt er til að fara í á því sviði eru tiltölulega einfaldar í framkvæmd, svo sem tillögu nr. 13 og 38. Aðrar kalla á þróun aðferða og breytta gagnaöflun. Það á t.d. við um tillögu 7, sem er svohljóðandi:

„Ákvæði um kostnaðar- og ábatagreiningu verði bætt inn í lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, og lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, þannig að tryggt sé að umhverfiskostnaður hafi alltaf verið metinn til fjár áður en ráðist er í framkvæmdir. Ábyrgð: Alþingi/Umhverfissráðuneyti. Tímasetning: 2012.“

Landsvirkjun leggur áherslu á að áður en lögum um mat á umhverfisáhrifum verður breytt verði í fyrsta lagi búið að safna nauðsynlegum tölulegum gögnum til að reikna framfarastuðul (GPI), sbr. tillögu nr. 6 um aðgerðir og í öðru lagi að búið verði að aðlaga eða þróa staðla og aðferðafræði við „kostnaðar- og ábatagreiningu“ verkefna á sviði orkuvinnslu og orkunýtingar. Samstaða þarf að verða um slíka aðferðafræði ef hún á að leiða til þess ávinnings sem stefnt er að með þingsályktuninni. Landsvirkjun telur jafnframt mikilvægt að haft verði samráð við orkufyrirtækin og önnur fyrirtæki sem málið varðar jafnframt því sem staðlar og aðferðafræði reynd áður en lögum verður breytt. Landsvirkjun telur í þessu sambandi að skoða verði markmið nefndarinnar um tímasetningu (2012) vel í ljósi þeirra miklu vinnu sem þarf að ljúka í þessu efni áður en hægt er að lögfesta ákvæði sem þetta. Landsvirkjun bendir á að í kafla 3.1 greinargerðar með þingsályktunartillögunni segir m.a.:

„Í námsbraut í Umhverfis- og auðlindafræði innan Hagfræðideildar Háskóla Íslands er þegar hafin vinna við rannsóknarverkefni sem tengjast útreikningum á GPI við íslenskar aðstæður. Þar er jafnframt fengist við mat á umfangi græna hagkerfisins (sjá framfar). Í þessum rannsóknum hefur komið fram að innleiðing GPI krefst söfnunar tölulegra gagna sem ekki hefur verið safnað hérlandis. Eins og fram kemur í inngangsköflum þessarar skýrslu hefur OECD mælt sérstaklega



með því að umhverfiskostnaður verði tekinn með beinum hætti inn í hagræna kostnaðar- og ábatagreiningu við mat á frekari uppbyggingu í orkufrekum iðnaði á Íslandi. Kostnaðar- og ábatagreiningum er beitt með skipulegum hætti við ákvarðanatöku erlendis, svo sem í Bandaríkjunum þar sem öll lagafrumvörp og stefnumótunar skjöl fara í gegnum slíka greiningu. Þar eru til staðlar og aðferðafræði sem auðvelt ætti að vera að taka upp og aðlaga íslenskum aðstæðum. Með hliðsjón af þessu leggur nefnd um eflingu græns hagkerfis til að ákvæði um kostnaðar- og ábatagreiningu verði bætt inn í lög um umhverfismat áætlana og lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, þannig að tryggt sé að umhverfiskostnaður sé alltaf metinn til fjár áður en ráðist er í framkvæmdir. Aukin notkun kostnaðar- og ábatagreininga við ákvarðanatöku er mikilvægt skref í átt að grænni hagstjórn.“

Af þessum texta má ljóst vera að þróun aðferðafræði og staðla til að nota við hagræna kostnaðar- og ábatagreiningu er krefjandi verkefni sem ekki er víst að hægt verði að ljúka á innan við einu ári, ekki síst ef ekki liggja fyrir nauðsynleg töluleg gögn. Rétt er og að taka fram að íslensk löggjöf á þessu sviði sem og við söfnun hagtalna byggir á löggjöf Evrópusambandsins og því er óvíst hvort bandarískar aðferðir grundvallist á sömu sjónarmiðum og hvort nauðsynlegum grunnupplýsingum er safnað.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri